



BYGGÐASTOFNUN

Brothættar byggðir

Verkefnislýsing, útgáfa 3.1, desember 2025





Brothættar
byggðir



© KþH

Verkefnislýsing
útgáfa 3.1, desember 2025

Efnisyfirlit:

1.	Inngangur	5
1.1	Hugtakanotkun og orðskýringar:	5
2.	Brothættar byggðir sem verkfæri í byggðapróun	7
2.1	Markmið	8
3.	Brothættar byggðir – fyrir hverja?	9
4.	Verkefnið skref fyrir skref	11
4.1	Fyrsti áfangi: Undirbúningur	11
4.2	Annar áfangi: Stefnumótun og áætlanagerð	11
4.3	Þriðji áfangi: Framkvæmd	13
4.4	Fjórði áfangi: Lok	14
4.5	Yfirlit yfir áfangana	15
5.	Skipulag og stjórnun	16
5.1	Samstarfsaðilar	17
5.2	Verkefnisstjórn	19
5.3	Verkefnisstjóri	20
6.	Þátttaka íbúa	21
6.1	Íbúðing	21
7.	Miðlun þekkingar og upplýsinga um verkefnið	23
8.	Fjármál	24
8.1	Fjármögnun frumkvæðisverkefna	24
9.	Árangursmat	25
10.	Aðrar áætlanir og verkfæri	25
10.1	Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	26
11.	Að lokum	27
	Heimildir:	28

1. Inngangur

Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið starfrækt frá árinu 2012. Verkefnislýsing var fyrst gefin út fyrir verkefnið árið 2016. Þessi verklýsing er önnur útgáfa, byggð á fyrri verklýsingu, ásamt viðbótum og uppfærslum í takti við þróun og breytingar á verklagi á þessu árabili í þáttökubygðarlögum. Samtals hafa 15 bygðarlög verið þátttakendur í verkefninu til þessa.

Í þessu skjali verður gerð grein fyrir verkefninu Brothættar byggðir, hvar verkefnið á við, hverjir koma að því, hvernig ferlið hefst, hvernig verkefnið er unnið og hvernig því er lokið. Fjallað er um skipulag og stjórnun, tengsl við aðrar áætlanir, stöðugreiningu, stefnumótun, þar með talið íbúafundi og íbúðaping, þátttöku íbúa, frumkvöðla og hagaðila, verkefnisáætlun og verkefnastofn, virðisikeðju, miðlun þekkingar og upplýsinga, fjármál og árangursmat.

Byggðastofnun var með stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017 falið að halda áfram með verkefnið Brothættar byggðir, en verkefnið hófst á Raufarhöfn árið 2012. Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 var framhald verkefnisins tryggt með sérstakri aðgerð, C.2. Í núgildandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 er verkefninu tryggt brautargengi í aðgerðaaætlun, aðgerð C.2. Verkefnið er fjármagnað í fjárlögum fyrir hvert ár. Markmið aðgerðarinnar er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri bygðarlögum. Viðfangsefni verkefnisins eru þó fyrst og fremst að efla frumkvæði íbúa í framfaraverkefnum og til þátttöku í sínu samfélagi. Þessu er lýst nánar í undirmarkmiðum verkefnisins í kafla 2.1. Virkt samtal og samstarf við íbúa er einn af hornsteinum verkefnisins ásamt sterku baklandi viðkomandi sveitarfélags og landshlutasamtaka. Því er skjalinu í senn ætlað að lýsa umgjörð og stöðu verkefnisins Brothættar byggðir á landsvísu en jafnframt gefa forskrift að framkvæmd þess í einstökum bygðarlögum.

Forsnið og leiðbeiningar fyrir framkvæmd Brothættra byggða er sem fyrr segir lýst í þessu skjali og viðaukum með því og er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is

Verkefnið hefur tvisvar verið tekið út af ráðgjafarfyrirtækjum. Í fyrra sinnið á árinu 2015 og þá var það Ernst og Young ehf (EY) sem sá um úttektina fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem þá fór með byggðamál. Seinni úttektin var framkvæmd á árinu 2023 af KPMG skv. samningi við Byggðastofnun.

Myndir í skjalinu tók Kristján Þ. Halldórsson. Mynd á forsíðu er tekin á íbúðapingi í Strandabyggð 2020.

1.1 Hugtakanotkun og orðskýringar:

Brothættar byggðir:	Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.
„Brothætt byggð“:	Verkefni Brothættra byggða í einstökum þáttökubygðarlögum fá sérstök heiti. Í verkefnislýsinguinni er hugtakið „brothætt byggð“ notað um verkefnið í einstökum bygðarlögum.

Byggðarlag/byggð:	Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.
Framtíðarsýn:	Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothætttri byggð.
Frumkvæðisverkefni:	Verkefni er felur í sér frumkvæði og framtak fyrirtækis, einstaklings, félagasamtaka eða annarra aðila í viðkomandi byggðarlagi.
Meginmarkmið:	Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og skilgreina framtíðarstöðu í þeim áherslupáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.
SMART markmið:	Markmiðasetning, hér fyrir starfsmarkmið, þar sem þess er gætt að starfsmarkmiðin í verkefnisáætlun séu skýr, mælanleg, aðgerðamiðuð, raunhæf og tímasett.
Starfsmarkmið:	Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið og á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma, þ.e. SMART markmið.
Stefnumótun:	Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þátttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.
Stöðugreining:	Yfirlit og greining helstu þátta er auðkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifabætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.
Valdefling:	Að auka virkni og getu íbúa til að hafa áhrif á þróun samfélags.
Verkefnastofn:	Röð afmarkaðra, innbyrðis tengdra verkefna með sameiginlegt markmið.
Verkfæri/verklag:	Verkfæri (e. Toolbox) vísar til Brothættra byggða sem áætlunar sem gripið er til í baráttu gegn hnignun byggðarlaga. Verklag vísar til þeirrar aðferðar sem viðhöfð er í verkefninu og lýst er í þessu skjali og viðaukum þess.
Verkefnisáætlun:	Yfirlit yfir tímaáætlun, kostnað og aðra þætti verkefna í verkefnastofni fyrir Brothættar byggðir.
Virðiskeðja:	Orsakasamhengi aðgerða og árangurs og skilgreining mælikvarða á árangur (e. <i>programme logic model</i> eða <i>intervention theory</i>)
Vörður:	Vörður má nota til að vinna í átt að sértækum takmörkum, áfangamörkum eða tímahléum verkefnis.



Mynd frá málþingi um Brothættar byggðir á Raufarhöfn í október 2023.


2. Brothættar byggðir sem verkfæri í byggðapróun

Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið fest í sessi sem ein af aðgerðum í byggðaaætlun stjórnvalda, fyrst í byggðaaætlun 2014-2017. Verkefnið er aðgerð nr. C2 í núgildandi byggðaaætlun 2022-2036 og er sértækt verkfæri Byggðastofnunar til að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti. Sótt er um aðild að verkefninu fyrir byggðarlög og ræðst fjöldi þátttökubyggðarlaga af efnum og aðstæðum á hverjum tíma. Aðgerðin fellur undir eitt af lykilviðum byggðaaætlunar er snýr að sértækum aðgerðum á varnarsvæðum. Meginmarkmið verkefnisins er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum. Undirmerkið verkefnisins eins og þau eru skilgreind af Byggðastofnun lúta að því að styðja við þátttöku og frumkvæði íbúa, sjá kafla 2.1. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Brothættar byggðir er sértæk aðgerð fyrir smærri byggðarlög, sem á tíðum eru aðilar sem vegna smæðar sinnar hafa ekki geta nýtt sér önnur úrræði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings byggðapróunar- og samfélagsuppbyggingar. Með þessu samstarfi taka ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar höndum saman um eflingu byggðarlagsins. Ekki er meiningin að búa til nýtt lag ofan á stoðkerfið, heldur vettvang þar sem leiddir eru saman kraftar og leitast við að skapa samstöðu um n.k. sameiginlegt átak til framfara í málefnum byggðarlagsins.

Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag.

Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Yfirlit yfir aðkomu einstakra aðila að verkefni um brothætta byggð má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Samstarfsaðilar verkefnisins Brothættra byggða og hlutverk þeirra.

2.1 Markmið

Eins og fram kemur hér að framan er meginmarkmið verkefnisins að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum. Undirmarkmið verkefnisins lúta að því að auka þátttöku og styðja við frumkvæði íbúa. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni. Undirmarkmið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsroðun málefna.

- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál¹, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“

Loforðið gildir meðan unnið er að verkefninu í byggðarlaginu.

3. Brothættar byggðir – fyrir hverja?

Verkefnið er ætlað byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun, fækkun atvinnutækifæra og það að atvinnulíf og þjónusta hafa veikst. Staða byggðarlaga sem til greina koma til þátttöku er metin á hlutlægan hátt með skilgreindum mælikvörðum. Mælikvarðarnir taka meðal annars mið af lýðfræðilegum þáttum, fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, fjölda íbúa á atvinnusóknarsvæði og fjárhagslegri stöðu sveitarfélags. Lýsingu á mælikvörðum er að finna í [viðauka I](#).

Fjöldi byggðarlaga og umfang verkefna, ræðst af því hvað fjármunir verkefnisins í heild leyfa.

Ekki er gert ráð fyrir að Byggðastofnun auglýsi eftir umsóknum um þátttöku í Brothættum byggðum, heldur hafi Byggðastofnun eða sveitarfélag frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku. Í framhaldi af því óski sveitarfélag eftir þátttöku fyrir tiltekið byggðarlag þegar ástæða þykir. Ósk um þátttöku þarf að vera rökstudd með greiningu á stöðu og möguleikum byggðarlags, sjá nánar í [kafla 5.1](#).

¹ Í [lögum nr. 30 22. maí 2023](#), 6. gr.: Til að efla byggðaþróun og auka samráð milli ráðuneyta skipar ráðherra stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, sem í eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stýrihópurinn er skipaður til þriggja ára eftir tilnefningu hvers ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi ráðherra fer með formennsku. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðastefnu og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið.

Byggðastofnun metur hvort mögulegt sé að hefja verkefni í nýju byggðarlagi/byggðarlögum.

Skilyrði fyrir þátttöku byggðarlags í Brothættum byggðum eru eftirfarandi:

- Að umgjörð verkefnisins Brothættra byggða leyfi að gengið verði til samstarfs. Hér er átt við fjárhagsáætlun verkefnisins í heild og aðra þá þætti sem kunna að móta getu Byggðastofnunar til að bæta við þátttakanda. Þetta getur gerst þegar öðru verkefni innan Brothættra byggða lýkur eða fjárheimildir verkefnisins aukast.
- Að starfsfólk og stjórn Byggðastofnunar meti það svo að verkefnið geti nýst viðkomandi byggðarlagi með ásættanlegum árangri.
- Ósk um þátttöku þarf að njóta afgerandi stuðnings sveitarstjórnar og vera studd af landshlutasamtökum og íbúasamtökum, ef þau eru til staðar. Það styrkir beiðni um þátttöku ef sveitarstjórn kallar saman íbúafund vegna hennar, sérstaklega þar sem ekki eru starfandi íbúasamtök.
- Að heildar stigafjöldi byggðarlags, reiknaður eftir skilgreindum mælikvörðum Brothættra byggða, skipi því í efsta sæti þeirra byggðarлага sem sækjast eftir þátttöku en hafa ekki fengið inni í verkefninu til þessa (sjá viðauka I).
- Að byggðarlagið hafi þjónustukjarna/þéttbýli og að líklegt sé að innviðir, svo sem þjónusta og atvinnulíf í viðkomandi byggðarlagi geti styrkst með þátttöku í Brothættum byggðum.
- Að íbúar viðkomandi byggðarlags séu færri en eitt þúsund.

Við mat á verkefni getur komið upp sú staða að Byggðastofnun, að höfðu samráði við samstarfsaðila í verkefninu, komist að þeirri niðurstöðu að verklag Brothættra byggða henti byggðarlaginu ekki eða að ólíklegt sé að verkefnið skili ásættanlegum árangri. Til dæmis ef samstöðu skortir, íbúar eru óvirkir, viðfangsefnin fyrst og fremst almenn (á landsvísu) eða að fyrir hendi séu aðrar aðstæður sem draga úr líkum á árangri. Skulu þá aðilar verkefnisins ganga frá samkomulagi um lok verkefnisins, hafi það þegar verið hafið. Slíkt mat fer fram við áfangaskil í verkefninu og eigi sjaldnar en árlega (í þriðja áfanga). Nánari upplýsingar um mat á verkefninu er að finna í [viðauka VI](#).



4. Verkefnið skref fyrir skref

Samkvæmt verklagi skiptist verkefnið Brothættar byggðir í fjóra áfanga, undirbúning, stefnumörkun, framkvæmd og lok.

Hverjum áfanga er lýst nánar hér á eftir, sem og hlutverkum þeirra sem koma að verkefninu í hverjum áfanga.

4.1 Fyrsti áfangi: Undirbúningur

Markmið: Að fyrir liggi niðurstaða um hvort verkefni innan Brothættra byggða hefjist í tilteknu byggðarlagi. Sé niðurstaðan að hefja verkefnið skal enn fremur liggja fyrir samningur um framkvæmd þess.

Aðgerðir: Sveitarfélag skrifar greinargerð um stöðu byggðarlagsins, mögulega í samstarfi við landshlutasamtökin. Í greinargerðinni eru m.a. færð rök fyrir hvers vegna þörf er á verkefninu. Forskrift að stöðugreiningu er að finna í viðauka II.

Á grundvelli greiningarinnar sendir sveitarfélagið erindi til Byggðastofnunar, sem metur og ákveður hvort og hvenær farið er af stað, sjá nánar umfjöllun í 4. kafla um skilyrði þátttöku.

Byggðastofnun leiðir gerð verkefnisáætlunar í samstarfi við sveitarfélag, landshlutasamtök og íbúasamtök, þar sem þau eru til staðar, og að því loknu skrifa fulltrúar sveitarfélags, landshlutasamtaka og Byggðastofnunar undir samstarfssamning(a) um verkefnið. Í samningnum er meðal annars skilgreind skipting kostnaðar og hlutverk og framlag aðila samningsins í verkefninu.

Skipuð er verkefnisstjórn fyrir hvert verkefni Brothættra byggða. Í henni sitja fulltrúar íbúa (tveir til þrír), sveitarfélags (einn) landshlutasamtaka (einn til tveir) og Byggðastofnunar (tveir). Fulltrúi frá Byggðastofnun gegnir formennsku í verkefnisstjórn í fyrsta og öðrum áfanga verkefnisins.

Afurðir: Stöðugreining, ályktanir út frá stöðugreiningu og niðurstaða um þátttöku. Samningur á milli samstarfsaðila og skipun verkefnisstjórnar. Áætlun um fyrstu skref verkefnisins og samkomulag um hlutverk og framlag samstarfsaðila og skiptingu kostnaðar. Ákvörðun um vistun verkefnisins, t.d. hjá sveitarfélagi og/eða landshlutasamtökum eða í sjálfstæðu félagi. Ákvörðun um ráðningu verkefnisstjóra þ.m.t. auglýsinga- og ráðningarferli til að tryggja markvissa eftirfylgni með markmiðum verkefnis og verkefnastofni.

Tími: Þessi undirbúningur getur tekið nokkra mánuði.

4.2 Annar áfangi: Stefnumótun og áætlanagerð


Þegar Byggðastofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að verkefnið Brothættar byggðir henti til að efla viðkomandi byggðarlag, gerður hefur verið samningur og skipuð verkefnisstjórn, er hafin vinna við stefnumótun og áætlanagerð.

Markmið: Að fyrir liggi stefnumótun og verkefnisáætlun fyrir verkefni um brothætta byggð á grundvelli stöðugreiningar og samtals við íbúa. Enn fremur að ráðinn verði sé verkefnisstjóri samkvæmt samningi á milli verkefnisaðila. Að ofangreind stefnumótun og verkefnastofn, þ.e. verkefnisáætlun, fái umfjöllun og samþykki þeirra sem að verkefninu standa og verði lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Að vönduð gagnasöfnun um stöðu byggðarlagsins og viðhorf íbúa til þess hefjist strax í upphafi verkefnis.

Aðgerðir:

1. Samningsaðilar verkefnisins taka ákvörðun um útfærslu verkefnisstjórnunarþáttar samkvæmt samningi sbr. fyrsta áfanga. Það er á ábyrgð landshlutasamtaka að ráða verkefnisstjóra, hafi í fyrsta áfanga verið ákveðið að landshlutasamtök sjái um þann þátt. Viðkomandi landshlutasamtök sjá um auglýsinga- og ráðningarferli vegna verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri verður starfsmaður þess lögaðila/landshlutasamtaka og í sinnir þeim störfum sem verkefnisstjórn kann að fela honum hverju sinni og samkvæmt starfslýsingu.
2. Viðhorfakönnun er lögð fyrir íbúa, frá 18 ára aldri, í upphafi verkefnis. Könnuninni er ætlað að varpa ljósi á viðhorf íbúa til stöðu samfélagsins í upphafi verkefnis, vekja athygli á Brothættum byggðum og kanna hug íbúa varðandi m.a. þátttöku í verkefninu. Sambærileg könnun verður lögð fyrir í lok verkefnis og niðurstöður bornar saman.
3. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri rýna stöðugreiningu og ályktanir sem dregnar voru af henni um stöðu byggðarlagsins og helstu áhrifaþætti í fyrsta áfanga. Þetta getur gerst t.d. með SVÓT-greiningu og með því að draga ályktanir af henni.
4. Haldið er tveggja daga íbúaping þar sem kallað er eftir hugmyndum íbúa, frumkvæði og áhuga þeirra á að fylkja sér um verkefni, byggðarlaginu til framdráttar. Notuð er svokölluð „Opið rými“ hugmyndafræði á íbúapinginu þar sem engin fyrir fram mótuð dagskrá er en íbúar stinga upp á málafnum til umræðu sem þeir telja brýnust, þau rædd í málafnahópum og þeim forgangsraðað eftir mikilvægi. Íbúar á öllum aldri hvattir til þátttöku. Kjörnum fulltrúum á Alþingi er boðið að koma í lok íbúapings og kynna sér niðurstöður þingsins.
5. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri vinna úr stöðugreiningu og skilaboðum íbúapings og móta drög að framtíðarsýn, meginmarkmiðum, mælanlegum starfsmarkmiðum og virðisikeðju. Starfsmarkmiðin taka mið af svokallaðri SMART markmiðasetningu. Sjá nánar forskrift í [viðauka III](#).
6. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri útbúa verkefnisáætlun/verkefnastofn. Horft er til næstu fimm ára, en markmið og aðgerðir/undirverkefni fyrir eitt ár skilgreind ítarlega. Verkefnisáætlunin inniheldur heiti/yfirskrift, sem verður eftir það heiti á verkefninu á viðkomandi stað og kemur þá í staðinn fyrir „Brothættar byggðir“, sem er samheiti á öllum verkefnum á landinu. Heiti verkefnisins er gjarnan valið á íbúapinginu en það er í höndum verkefnisstjórnar að ákveða ferlið.
7. Haldinn er íbúafundur þar sem afrakstur vinnu 5. og 6. liðar er kynntur og útfærður nánar og/eða samþykktur formlega.

Í þessum áfanga á að liggja fyrir niðurstaða um þá möguleika og þau tækifæri sem verkefnisstjórn og íbúar sjá fyrir byggðarlagið og hvað fólk vill sjálft leggja af mörkum. Verkefnisáætlun er send sveitarstjórn, Byggðastofnun, landshlutasamtökum og innviðaráðuneytinu til upplýsingar og umfjöllunar. Áætlunin er þó ekki háð samþykki þessara aðila. Gerð er grein fyrir stöðu byggðarlags og verkefnisáætlun í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál og þannig tryggt samráð og samstarf um málafni er varða byggðarlagið og eru á vegum ríkis og stofnana þess. Mikilvægt er að aðgerðir á vegum ríkis og stofnana gangi í takt við/styðji við verkefnið Brothættar byggðir að lágmarki á framkvæmdatíma þess í þeim tilgangi að styrkja og efla samfélagið í víðum skilningi.



Afurðir: Ákvörðun um framhald eða slit verkefnis. Fyrirkomulag verkefnisstjórnunarþáttar, niðurstöður íbúapings, stefnumótun, verkefnastofn og verkefnisáætlun. Umfjöllun samningsaðila um verkefnið um verkefnisáætlun og kynning hennar hjá stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Gagnasöfnun, m.a. niðurstöður viðhorfakönnunar meðal íbúa, stöðugreining og skilaboð íbúapings.]

Tími: Áætlað er að þessi áfangi taki allt að sex mánuði.

4.3 Þriðji áfangi: Framkvæmd

Þessi áfangi byggir á stefnumótun, verkefnastofni og verkefnisáætlun sem mótuð voru í öðrum áfanga. Hér flyst formennska í verkefnisstjórn að jafnaði til sveitarfélagsins. Sjá nánari umfjöllun um hlutverk og þátttöku íbúa í [6. kafla](#).

Markmið: Árangri náð samkvæmt stefnumótun og markmiðum í áætlun úr öðrum áfanga og fengin yfirsýn yfir árangur af verkefni um brothætta byggð.

Aðgerðir: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri og aðrir ábyrgðarmenn verkefna vinna að verkefnum verkefnastofns samkvæmt áætlun í samstarfi við íbúa og aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á. Á framkvæmdatímanum er verkefnisáætlun jafnframt endurmetin og aðlöguð að breyttum aðstæðum eftir þörfum. Einu sinni á ári, gjarnan á seinni hluta árs, er staða verkefna metin og áætlun fyrir komandi ár útfærð frekar í endurskoðaðri verkefnisáætlun sem kynnt er á íbúafundi.

Áherslusvið í verkefnisáætlun geta leitt til breytinga á samsetningu verkefnisstjórnar, t.d. að fulltrúi atvinnulífs komi inn í verkefnisstjórnina.



Mynd: Höfnin í Norðurfirði með nýjum göngu- og útsýnispalli

Ferlið í þriðja áfanga gæti litið svona út:



Á myndinni má sjá árleg verkefni þriðja áfanga.

Afurðir: Merkt við skilgreindar vörður í verkefnisáætlun og árangur verkefna mældur. Árleg endurskoðun verkefnisáætlunar. Ákvörðun um framhald verkefnisins.

Tími: Áætlað er að þessi áfangi taki um fjögur ár.

4.4 Fjórði áfangi: Lok

Í fjórða áfanga er áfram unnið samkvæmt verkefnisáætlun í beinu framhaldi af þriðja áfanga.

Markmið: Unnið er áfram samkvæmt verkefnisáætlun en einnig undirbúinn farvegur verkefna og aðgerða, þannig að vinna við eflingu byggðar sem í upphafi var brothætt og er e.t.v. enn, haldi áfram. Viðnámsþróttur samfélagsins gegn hnignun hafi aukist, þátttaka íbúa orðið almennari og verkefni vel skilgreind. Einstök verkefni sem hrundið hefur verið af stað á verkefnistímanum og fyrir tilstilli verkefnis um brothætta byggð verði sjálfbær þrátt fyrir formleg lok verkefnisins um brothætta byggð, meðal annars með því að nýta almenn úrræði og stoðkerfi landshlutanna.

Í þessum áfanga er unnið að því að heimamenn og stofnanir svæðisins taki við viðfangsefnum.

Aðgerðir: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri og aðrir ábyrgðarmenn verkefna vinna að verkefnum verkefnastofns sem þá kann að vera ólokið samkvæmt áætlun, í samstarfi við íbúa og aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á. Sérstaklega er þess gætt að finna verkefnum farveg sem nýtist þrátt fyrir að verkefni um brothætta byggð ljúki formlega af hálfu Byggðastofnunar.

Merkt er við vörður og árangur hinna ýmsu verkefna mældur í lokin og niðurstöðurnar skráðar í lokaskýrslu verkefnisins.

Viðhorfakönnun er lögð fyrir íbúa í lok þátttökutímabils, sambærileg þeirri sem lögð var fyrir í upphafi verkefnis. Niðurstöður bornar saman.

Skv. grunnsamningi skuldbindur viðkomandi sveitarfélag sig til að halda áfram með verkefnið að lágmarki í eitt ár eftir að Byggðastofnun dregur sig í hlé. Gjarnan er verkefnisstjórn tryggð þennan tíma með starfi verkefnisstjóra.

Afurðir: Mat á árangri verkefnisins. Farvegur þeirra verkefna sem þarft er að haldi áfram eftir lok verkefnis um brothætta byggð er mótaður. Sveitarfélag leggur drög að áætlun um framhald verkefnis eftir að Byggðastofnun dregur sig í hlé.

Tími: Gert er ráð fyrir að þessi áfangi taki allt að einu ári.



Mynd: Frá íbúðapingi í Dalabyggð 2022.

4.5 Yfirlit yfir áfangana

Meginatriði umfjöllunar um áfangana hafa verið dregin saman í töfluna á mynd 3. Við gerð töflunnar var stuðst við fyrirmyndir í skýrslu EY² (EY Ráðgjafarsvið, 2015).

1	2	3	4
Undirbúningur	Stefnumótun og áætlanagerð	Framkvæmd	Lok
Markmið			
Þátttaka í BB byggir á skýru stöðumati og hugmyndum um hvernig BB geti haft áhrif. Viðhorf íbúa til samfélagsins og verkefnisins kannað.	Vinna á líftíma BB nýtur viðtæks stuðnings og byggir á skýrum mælanlegum markmiðum.	- Markviss framkvæmd á grunni samþykkrar stefnumótunar. - Unnið að samþykktum aðgerðum og áherslusviðum	- Árangur aðgerða festur sessi og samtvinnuð reglubundnu stjórnkerfi byggðarlagsins. - Viðhorf íbúa til samfélagsins og árangurs af verkefninu kannað.
Aðgerðir			
- Stöðugreining tekin saman sem tiltekur hvernig BB getur nýst byggðarlagi - Ósk um þátttöku sett fram við Byggðastofnun sem metur á grundvelli skýrra mælikvarða - Viðhorfakönnun meðal íbúa	- Íbúðing haldið til að treysta markmiðssetningu og stuðning. - Stöðumat og niðurstöður íbúðings notað til að móta áherslusvið og tengja aðgerðir við markmið og mælikvarða.	- Unnið að framkvæmd verkefnaflóru sem styðja markmið BB í heimabyggð - Jafnóðum safnað upplýsingum um árangur og mælikvarða	- Heimamenna og stoðstofnanir taka við ábyrgð og framkvæmd verkefna - Viðhorfakönnun meðal íbúa
Niðurstaða og áhrif			
- Afstaða tekin til þátttöku - Verkefnisstjórn stofnuð og stofnsáttmáli gerður ef af verður	- Viðskipta- og verkáætlun BB fyrir byggðarlag liggur fyrir - Ákvörðun liggur fyrir um að ráðast í tilteknar aðgerðir	- Fylgst með framgangi hvers verkefnis - Verkefnisáætlun endurskoðuð árlega og staðfest við upphaf árs, með hliðsjón af árangri	Verkefnisstjórn lýkur störfum og formlegri aðkomu Byggðastofnunar lýkur.
Tímasetningar og ákvörðun um framhald			
Undirbúningsvinna í héraði getur tekið nokkra mánuði	- Getur tekið um 6 mánuði - Ákvörðun um áframhald háð því að áætlun sé talin vænleg til árangurs	- Verkefni keyrt á ársgrundvelli að hámarki í 4 ár - Ákvörðun um áframhald tekin í lok hvers árs	Getur tekið 6 mánuði til eins árs
Verkefnisstjórn, samskipti við hagsmunaaðila, miðlun upplýsinga á verk tíma bæði heima í héraði og til stjórnvalda			

Mynd: Helstu atriði í umfjöllun um áfangana fjóra. Bb vísar til Brothættra byggða.

5. Skipulag og stjórnun

Í fyrsta áfanga er sveitarfélagið leiðandi og óskar eftir þátttöku fyrir tiltekið byggðarlag í Brothættum byggðum. Byggðastofnun getur þó einnig haft frumkvæði að samtali um þátttöku byggðarlags. Í kjölfar beiðni tekur Byggðastofnun við leiðandi hlutverki. Að fenginni niðurstöðu um að hefja skuli verkefni innan Brothættra byggða taka samstarfsaðilar ákvörðun um formlegt skipulag. Þar geta kostirnir t.d. verið þeir að vista verkefnið hjá landshlutasamtökum, sveitarfélaginu eða stofna sjálfstætt félag. Enn fremur er skipuð verkefnisstjórn og ákveðið hvernig tryggja skuli þátt verkefnisstjórnar í verkefninu.

Í öðrum áfanga er unnið að stefnumótun og mótun verkefnastofns og verkefnisáætlunar. Þennan áfanga leiðir Byggðastofnun og fulltrúi hennar gegnir formennsku í verkefnisstjórn.

Í þriðja áfanga tekur sveitarfélagið gjarnan við formennsku í verkefnisstjórn. Fulltrúi sveitarfélags gegnir áfram formennsku í fjórða áfanga.

² Ráðgjafarfyrirtækið EY, sjá <http://www.ey.com/IS/en/Home/EY-Iceland>

5.1 Samstarfsaðilar

Hér á eftir er fjallað um hlutverk þeirra sem standa að verkefninu. Mikilvægt er að samstarfsaðilar í verkefninu skilgreini ábyrgð sína með skýrum hætti strax í upphafi. Óskýr ábyrgð getur heft framgang verkefnisins. Því er gerður samningur um verkefnið í lok fyrsta áfanga, þar sem hlutverk samningsaðila er meðal annars skilgreint.

Sveitarfélag

Sveitarfélagið á frumkvæði að því að undirbúa beiðni um þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir með því að gera stöðugreiningu í samstarfi við landshlutasamtök og íbúa/íbúasamtök. Stöðugreiningin byggir meðal annars á úttektum, greiningu og áætlunum fyrir landshlutann (svo sem sóknaráætlun), skipulagi og fleiru, en tekur með afgerandi og ýtarlegri hætti tillit til sérstöðu viðkomandi byggðarlags. Forskrift að stöðugreiningu er að finna í [viðauka II](#).

Þegar stefnumótun er lokið og komið að framkvæmd hennar (í þriðja áfanga), flyst formennska í verkefnisstjórn gjarnan til fulltrúa sveitarfélagsins í verkefnisstjórn. Verkefnisstjórn, undir formennsku sveitarfélagsins, leiðir verkefnið áfram í þriðja og fjórða áfanga og ber ábyrgð á að framvinda þess og framfylgd sé í samræmi við verkefnislýsingu Byggðastofnunar fyrir verkefnið Brothættar byggðir og samþykkt áætlun verkefnisins í sveitarfélaginu á hverjum tíma. Sveitarfélagið sinnir jafnframt einstökum verkefnum sem því eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn.

Sveitarstjórn fær senda verkefnisáætlun og ársskýrslur verkefnisins til upplýsingar og umfjöllunar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Landshlutasamtök eru einn af samstarfsaðilum í verkefninu. Þau aðstoða sveitarfélag við gerð stöðugreiningar. Samtökin eru bakland verkefnisins og skipa einn til tvo fulltrúa í verkefnisstjórn. Viðkomandi landshlutasamtök sjá um ráðningarferli verkefnisstjóra og er hann starfsmaður þeirra. Sérfræðingar/atvinnuráðgjafar hjá landshlutasamtökunum eru einnig bakland fyrir verkefnisstjóra og getur hann leitað til þeirra um ráðgjöf og samstarf um málefni byggðarlagsins eftir atvikum. Hlutverk landshlutasamtakanna er að vera brú á milli verkefnisins og atvinnulífs og aðstoða við þróun hugmynda sem kvikna í ferlinu, s.s. með aðstoð við gerð verkefnis-, viðskiptaáætlana og styrkumsókna. Landshlutasamtök sinna jafnframt einstökum verkefnum sem þeim eru falin frá ári til árs í aðgerðaáætlun eða af verkefnisstjórn. Einnig aðstoða landshlutasamtökin sveitarfélag við að nýta tækifæri sem kunna að felast í áætlunum landshlutanna, svo sem sóknaráætlun. Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun og landshlutasamtök geri með sér samkomulag um að þau síðarnefndu fari með umsýslu verkefnatengdra fjármuna, þ.m.t. gerð samninga við styrkþega og eftirfylgni skila á lokaskýrslum og viðeigandi fylgigögnum.

Innviðaráðuneyti (áður tilheyrði málaflokkurinn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti)

Núgildandi byggðaáætlun stjórnvalda hefur gildistíma á árabílinu 2022-2036. Meginmarkmið með framkvæmd áætlunarinnar er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla er lögð á stuðning við svæði sem búa

við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið fest í sessi í byggðaaætlunum undanfarinna ára. Í nágildandi byggðaaætlun 2022-2036 er heiti aðgerðarinnar, *C.2. Brothættar byggðir*. Ráðuneytið skal skv. lögum 106/1999 vinna að byggðaaætlun í samvinnu við Bygðastofnun.

Bygðastofnun

Bygðastofnun er ábyrgðaraðili verkefnisins Brothættar byggðir á landsvísu og útfærir framkvæmd þess að höfðu samráði við ráðuneyti, stofnanir og aðra samstarfsaðila. Bygðastofnun gerir verkefnis- og fjárhagsáætlun vegna Brothættra byggða í heild sinni. Stofnunin skilgreinir verklag fyrir Brothættar byggðir og hvaða skilyrði byggðarlag þurfi að uppfylla til að taka þátt í því. Bygðastofnun tekur ákvörðun um fjárveitingu til hvers og eins verkefnis, byggt á framlögum af fjárlögum á hverjum tíma.

Bygðastofnun ákveður verklag Brothættra byggða og annast samhæfingu þess í heild hverju sinni. Það felur meðal annars í sér að í viðaukum með þessari verkefnislýsingu er að finna forskrift að stöðugreiningu vegna beiðni um þátttöku í verkefninu og forskrift varðandi stefnumótun og verkefnisáætlun. Einnig grunnreglur um úthlutun verkefnafjármuna (styrkja til verkefna). Viðaukana er að finna á heimasíðu Bygðastofnunar, sjá [hér](#).

Starfsmenn stofnunarinnar veita upplýsingar vegna stöðugreiningar, sé þess óskað. Bygðastofnun fjallar um óskir um þátttöku og tekur ákvarðanir um hvort og þá hvenær hafist er handa við annan áfanga í því byggðarlagi sem sótt er um fyrir. Stjórn Bygðastofnunar tekur endanlega ákvörðun um þátttöku nýs byggðarlags á stjórnarfundum.

Bygðastofnun á tvo fulltrúa í verkefnisstjórn og sinnir einstökum verkefnum sem henni eru falin í verkefnisáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn.

Stofnunin stýrir árangursmati fyrir verkefnið á hverjum stað.

Bygðastofnun er talsmaður verkefnisins Brothættar byggðir á landsvísu, gagnvart fjölmiðlum og á opinberum vettvangi. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að verkefnisstjórnir ákveði hvernig staðið skuli að kynningarmálum einstakra verkefna, sjá nánar í [kafla 7](#).

Bygðastofnun skilar árlega skýrslu til ráðuneytisins um framgang verkefnisins á liðnu ári.

Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður skv. [lögum nr. 30/2023](#). Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki. Stýrihópurinn fjallar um málefni einstakra verkefna Brothættra byggða er varða ráðuneyti og stofnanir og tryggir umfjöllun í einstökum ráðuneytum eftir því sem við á.

Aðkoma stjórnvalda, þar með talin samhæfing aðgerða einstakra ráðuneyta og stofnana er lykilþáttur í árangri verkefna innan Brothættra byggða. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra byggðamála skipar fulltrúa í stýrihóp Stjórnarráðsins til þriggja ára eftir tilnefningu hvers ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi ráðherra byggðamála fer með formennsku í stýrihópnum.

Kjörnir fulltrúar

Leitast er við að kynna verkefnið fyrir kjörnum fulltrúum á Alþingi á hverjum tíma. Kjörnum fulltrúum er boðið að að vera viðstaddir lok íbúapings í upphafi verkefnis í þátttökubýggðarlagi. Kjörnir fulltrúar í viðkomandi kjördæmi/landshluta eru jafnframt hvattir til að mæta á íbúafundi og kynnast verkefninu á vettvangi. Verkefnisstjórar taka einnig á móti kjörnum fulltrúum í viðkomandi byggðarlagi og kynna verkefnið og frumkvæðisverkefni eftir atvikum. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar þekki vel til verkefnisins.

Frumkvæði íbúa

Íbúar, fyrirtæki, félagasamtök gegna lykilhlutverki í verkefninu. Tveir fulltrúar íbúa sitja í verkefnisstjórn og eru rödd íbúanna. Þeir vinna, ásamt verkefnisstjórn að því að koma upplýsingum um verkefnið og um íbúafundi út í samfélagið. Fulltrúar íbúa sinna einstökum verkefnum sem þeim eru falin í aðgerðaáætlun. Íbúar á öllum aldri eru hvattir til virkrar þátttöku í verkefninu. Sérstök áhersla er lögð á að laða að ungt fólk til þátttöku í verkefninu strax frá upphafi. Allir eru hvattir til þátttöku í þeim tilgangi að bæta samfélagið í víðum skilningi. Lögð er áhersla á íbúalýðræði og þátttöku almennings í að efla viðkomandi þátttökubýggðarlag.

Ráðgjafi um þátttöku almennings

Byggðastofnun gerir samning við hlutlausan fagaðila sem hefur sérþekkingu í þátttöku almennings. Hann hefur umsjón með íbúapingi í 2. áfanga verkefnis og úrvinnslu úr skilaboðum þess.

5.2 Verkefnisstjórn

Virkni, samstarf og samstilling verkefnisstjórnar og tengsl við hagsmunaaðila er lykill að árangri. Hún skal ætíð hafa valdeflingu að leiðarljósi, þannig að allir samstarfsaðilar þ.m.t. samfélagið sjálft, taki virka ábyrgð. Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt eftir.

Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum samstarfsaðila um verkefnið, þ.e. sveitarfélagi, landshlutasamtökum, i, íbúum og Byggðastofnun, að hámarki sjö manns. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna á hlutfall kynjanna í stjórnnum að vera sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír. Tilnefningaraðili á að tilnefna karl og konu, en heimilt er að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Verkefnisstjórn ber ábyrgð á að sá árangur sem stefnt er að samkvæmt stefnumótun og verkefnisáætlun náist og að fjármunum sé varið til verkefna sem falla að skilgreindum markmiðum.

Verkefnisstjórnin kemur á tengslum við hagsmunaaðila, t.d. stjórnvöld, stofnanir hins opinbera og sveitarfélaga, fyrirtæki, félagasamtök eða aðra lykilaðila. Meðal annars upplýsir hún stýrihóp Stjórnarráðsins um málefni einstakra verkefna og byggðarlaga, einkum þætti er varða stjórnvöld. Hún sér um kynningu og hefur umsjón með framkvæmd íbúapings og íbúafunda. Hún tekur virkan þátt í að móta framtíðarsýn, verkefnastofn og verkefnisáætlun, þ.m.t. greina snertifleti við aðrar áætlanir og vinna úr skilaboðum íbúapings og ber ábyrgð á framvindu þeirrar vinnu. Verkefnisstjórnin ber ábyrgð á úthlutun styrkja. Verkefnisstjórn kemur að mati á árangri í verkefninu eftir atvikum. Nánari upplýsingar um mat á verkefninu er að finna í [viðauka VI](#).

Í verkefnisstjórn sitja fulltrúar samstarfsaðila og fara með umboð til ákvarðanatöku um verkefnið í hverju byggðarlagi í samræmi við verkefnislýsingu þessa og samning á milli verkefnisaðila um verkefnið Brothættar byggðir. Jafnframt bera fulltrúar ábyrgð á miðlun upplýsinga inn í verkefnisstjórn og frá henni, til sinna umbjóðenda.

Viðkomandi landshlutasamtök sjá um ráðningarferli verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar en er jafnframt starfsmaður viðkomandi landshlutasamtaka. Drög að starfslýsingu er að finna í [viðauka IV](#).

Formaður verkefnisstjórnar og verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn, eru talsmenn verkefnisins út á við. Verkefnisstjórn mótar stefnu varðandi kynningu á verkefninu fyrir viðkomandi byggðarlag.

5.3 Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri annast rekstur verkefnisins um brothætta byggð í samstarfi við verkefnisstjórn og starfar í umboði hennar. Verkefnisstjóri fylgir eftir stefnu og markmiðum verkefnisins eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Verkefnisstjóri er tengiliður milli verkefnisstjórnar og íbúa, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila og vinnur að valdeflingu samfélagsins. Auk þess er verkefnisstjóri tengiliður við Byggðastofnun og aðra samstarfsaðila í verkefninu. Nánari skilgreiningu á starfi verkefnisstjóra er að finna í [viðauka IV](#).



Mynd: Verkefnisstjórar Brothættra byggða og skyldra verkefna á fundi 2022.

6. Þátttaka íbúa

Verkefnið Brothættar byggðir byggir á tveimur meginþáttum, sem felast í því annars vegar að virkja íbúa hvers samfélags í eigin málum og hins vegar að tengja stjórnkerfi ríkis og sveitarfélags ásamt stoðstofnunum við verkefnið. Með verkefninu er reynt að nálgast byggðamál á forsendum viðkomandi samfélaga þannig að íbúar verði í lykilhlutverki.

Þátttaka íbúa er skipulögð með það að leiðarljósi að gefa öllum jafna möguleika á að koma sínum hugmyndum og sjónarmiðum á framfæri og efla samskipti, sköpun og virkni íbúa í því sem skiptir samfélagið máli.

Þátttaka íbúa í hnotskurn:

- Í fyrsta áfanga, við undirbúning verkefnis, leitar sveitarfélag til íbúasamtaka þar sem þau eru til staðar og/eða getur efnt til íbúafundar.
- Íbúar eiga tvo fulltrúa í verkefnisstjórn.
- Haldið er íbúáþing við upphaf 2. áfanga og íbúafundur í lok 2. áfanga. Íbúáþing í öðrum áfanga, ásamt greiningu á stöðu byggðarlags, er mikilvægur grundvöllur stefnumótunar og verkefnisáætlunar til næstu ára.
- Framtíðarsýn og verkefnisáætlun er kynnt og rædd á íbúafundi í lok 2. áfanga. Í framhaldi af því er hún send sveitarstjórn til umfjöllunar.
- Íbúar, félagasamtök, fyrirtæki, brottfluttir eða aðrir aðilar geta haft frumkvæði að, eða tekið að sér verkefni að eigin frumkvæði og leitt áfram með stuðningi verkefnisstjórnar/verkefnisstjóra, ef þarf.
- Efnt er til íbúafundar á hverju hausti til að meta árangur ársins sem er að líða og uppfæra verkefnisáætlun eftir atvikum.
- Íbúar geta veitt verkefninu aðhald og hvatningu með því að fylgjast með störfum verkefnisstjóra og verkefnisstjórnar og koma hugmyndum á framfæri. Þetta getur til dæmis gerst innan málefna-/vinnuhópa, auk þess sem upplýsingar og fréttir af verkefninu eru aðgengilegar gegnum samfélagsmiðla, póstlista sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta skráð sig á, eða gegnum heimasíður Byggðastofnunar, viðkomandi landshlutasamtaka og sveitarfélags. Þá er greiður aðgangur að verkefnisstjórum Brothættra byggða til skrafs og ráðagerða.
- Íbúar á öllum aldri eru hvattir til virkrar þátttöku í verkefninu. Sérstök áhersla er lögð á að laða að ungt fólk til þátttöku í verkefninu strax frá upphafi.

6.1 Íbúáþing

Íbúáþingið sem haldið er í öðrum áfanga verkefnisins er vettvangurinn þar sem íbúar og hagsmunaaðilar leggja hvað mest af mörkum fyrir stefnumótun og áætlun um framhald verkefnisins. Íbúar á öllum aldri eru hvattir til virkrar þátttöku á íbúáþinginu. Lögð er sérstök áhersla á að laða ungt fólk að þátttöku frá upphafi verkefnis.

Á íbúáþinginu er notuð aðferð, svokölluð „Ópið rými“ aðferð (Open Space Technology³), sem miðar að valdeflingu og stinga þátttakendur sjálfir upp á umræðuefnum og leiða umræðuhópa. Við lok þings forgangsraða þátttakendur málefnum eftir mikilvægi og geta skráð sig til þátttöku í málefna-/vinnuhópum

³ Open Space World (e.d.)

til að fylgja málum eftir. Þannig er áhugi og neisti heimafólks virkjaður og vitund aukin um að fjöregg byggðarinnar er í þeirra eigin höndum. Á þinginu velja íbúar heiti fyrir verkefnið sem felur í sér bjartsýni og kjark sem vegur upp á móti heiti heildarverkefnisins, Brothættar byggðir. Gert er ráð fyrir að þingið standi í tvo daga. Kjörnum fulltrúum viðkomandi kjördæmis á Alþingi er boðið að vera viðstaddir lok íbúapingsins til að heyra helstu skilaboð frá íbúum.



Mynd: Frá íbúðþingi í Reykhólahreppi í mars 2025.



Mynd: Frá íbúðþingi í Kaldrananeshreppi í október.

7. Miðlun þekkingar og upplýsinga um verkefnið

Byggðastofnun leggur áherslu á markvissa, samhæfða og áreiðanlega miðlun upplýsinga og þekkingar fyrir verkefnið á landsvísu. Lögð er áhersla á að almenningur og stjórnvöld hafi aðgang að skýrum, traustum og áreiðanlegum upplýsingum um verkefnið. Leitast er við að veita greinargóðar upplýsingar um málefni þátttökubyggðarlaganna og deila uppbyggjandi og jákvæðu efni frá þeim. Þess er jafnan gætt að leita eftir samþykki um birtingu mynda frá opinberum viðburðum.

Viðfangsefnið er skilgreint annars vegar inn á við og hins vegar út á við.

Inn á við

Miðlun þekkingar og upplýsinga verður meðal annars sinnt með:

- Námskeiði á vegum Byggðastofnunar fyrir nýja verkefnisstjóra í upphafi þátttökutímabils um verklag í Brothættum byggðum.
- Námskeiðum/vinnufundum fyrir verkefnisstjórnir og verkefnisstjóra. Þar er m.a. fjallað um verkefnastjórnun og leiðtogahlutverk, þátttöku íbúa og kynningarmál, markmiðssetningu og mótun verkefnisáætlunar.
- Virku samstarfi verkefnisstjóra á landsvísu, m.a. gert ráð fyrir samráðsfundum mánaðarlega í netheimum og staðfundum að jafnaði annað hvert ár.
- Með virku íbúasamráði innan hvers byggðarlags m.a. með fjölbreyttu fundaformi, málefnaþópum, spretthópum, veffundum, kaffifundum, vefnámskeiðum og þ.h.
- Með yfirfærslu þekkingar á milli byggðarlaga, t.d. með samráðsfundum, kynningum á íbúafundum, kynningum á frumkvæðisverkefnum og þ.h.

Út á við

Miðlun þekkingar og upplýsinga um verkefnið á landsvísu verður meðal annars sinnt með:

- Umfjöllun í fjölmiðlum, þar sem Byggðastofnun er talsmaður verkefnisins á landsvísu.
- Kynningum á vettvangi alþingis, ríkisstjórnar, ráðuneyta, stofnana ríkisins og á sveitarstjórnarstigi.
- Kynningum á fundum og ráðstefnum í erlendu samstarfi um byggðamál.
- Upplýsingum á heimasíðu og á samfélagsmiðlum Byggðastofnunar.
- Upplýsingum á vef viðkomandi landshlutasamtaka og sveitarfélags og/eða á samfélagsmiðlum.
- Upplýsingum um frumkvæðisstyrki og fjármuni til verkefnisstjórnunar í verkefnum Brothættra byggða í mælaborði á heimasíðu Byggðastofnunar.
- Hvetja til aukinna rannsókna á málefnum Brothættra byggða/í smærri byggðakjörnum á dreifbýlum svæðum.
- Kynningum fyrir nemendur á háskólastigi.
- Kynningum fyrir félagasamtök og aðra áhugasama skv. eftirspurn.

Einnig mun verkefnisstjórn hvers byggðarlags/verkefnis leggja línur um það hvernig kynningu verði háttað (kynningaráætlun). Gjarnan á hvert verkefni sérstaka fésbókarsíðu sem verkefnisstjóri heldur utan um og sér um að miðla fréttum, auglýsingum um viðburði, vekja athygli á tilteknum málefnum og þ.h. Verkefnisstjórn fylgir kynningarmálum eftir í samstarfi við verkefnisstjóra og Byggðastofnun.



Mynd: Frá íbúðþingi á Borgarfirði eystri í febrúar 2018

8. Fjármál

Fjármagn til verkefnisins Brothættra byggða var tiltölulega takmarkað fyrstu árin en hefur hækkað nokkuð hin síðari ár. Í gildandi byggðaáætlun er reiknað með 120 m.kr. til verkefnisins árlega. Stjórn Byggðastofnunar veitti auk þess 135 m.kr. til verkefnisins á árunum 2025-2027. Hluti þeirra fjármuna verður nýttur í tilraunaverkefni um eftirfylgni við verkefnið í tveimur fyrrum þáttökubýggðarlögum.

Fjárhagur verkefnisins ræðst af fjárlögum hvers árs, gengið er út frá því að fjárheimild verkefnisins nægi til að greiða eftirfarandi kostnaðarþætti í verkefnunum:

- Umsýslu verkefnisins, ráðgjöf og yfirsýn af hálfu Byggðastofnunar (verkefnisstjórn fyrir verkefnið í heild).
- Verkefnisstjórnun í einstökum þáttökubýggðarlögum.
- Beina fjármuni til frumkvæðisverkefna sem nýst geti samfélögunum á hverjum stað. Rætt er um frumkvæðissjóð hvers byggðarlags í þessu samhengi.

8.1 Fjármögnun frumkvæðisverkefna

Gert er ráð fyrir að verkefni hvers þáttökubýggðarlags fái tiltekna upphæð árlega til að styðja frumkvæðisverkefni. Verkefnisstjórn úthlutar fjármununum. Einungis skal úthluta fjármunum til verkefna

er styðja framtíðarsýn og meginmarkmið verkefnisins í viðkomandi byggðarlagi. Við úthlutun þarf enn fremur að gæta að reglum er varða m.a. hugsanleg álitamál er snúa að samkeppni, sjá [viðauka V](#).

Mögulegt er fyrir verkefnisstjórn að heimila aðilaskipti styrktra verkefna, það er að styrkþegi afhendi verkefni og styrk til annars aðila með réttindum og skyldum sem því fylgja. Það verður þó aðeins gert að uppfylltum formkröfum sem nánar er gerð grein fyrir í viðauka V.

Verkefnisstjórn getur úthlutað styrkjum til valinna verkefna án auglýsingar en leiki nokkur vafi á samstöðu meðal íbúa um verkefni(n) er mælt með að auglýst verði eftir umsóknum. Verkefnisstjórn setur upp hlutlægt mat á verkefnum/umsóknum sem liggja til grundvallar úthlutun.

9. Árangursmat

Árangur verkefnis í hverju byggðarlagi er metinn með reglubundnum hætti og byggir á virðiskeðju, þ.e. framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið og markmiðum og mælikvörðum einstakra verkefna í verkefnisáætlun þess. Verkefnisstjórn metur árangur árlega og hefur meðal annars samráð við íbúa á árlegum íbúafundum. Tillögur um úrbætur skulu teknar upp í verkefnisáætlun fyrir næsta starfsár á eftir.

Byggðastofnun, í samstarfi við verkefnisstjórnir, metur árangur verkefnisins Brothættar byggðir í heild sinni í kjölfar ofangreinds mats á framkvæmd verkefnisins í einstökum byggðarlögum. Nánari lýsingu á matinu er að finna í [viðauka VI](#). Mat um árangur verkefnisins skal kynnt fyrir ráðuneyti og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

Frá árinu 2024 eru viðhorfakannanir lagðar fyrir íbúa þátttökubbyggðarlags sem er að hefja vegferð í Brothættum byggðum. Jafnframt eru sambærilegar viðhorfakannanir lagðar fyrir íbúa í þátttökubbyggðarlagi sem er í lokaáfangi verkefnis. Markmið með könnununum er liður í að Byggðastofnun og samstarfsaðilar geti metið árangur og bætt verklag, stjórnvöld geti fylgst með árangri verkefnisins, íbúar fái tilfinningu fyrir árangri eða skorti á árangri og geti metið sína aðkomu að verkefninu auk almennrar upplýsingagjafar. Í könnuninni er m.a. áhugaverð nálgun er varðar mikilvægi félagssálfræðilegra þátta í velgengni samfélaga sbr. skýrslu Bjarka Þórs Grönfeldt og Vífils Karlssonar 2024, Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum.

10. Aðrar áætlanir og verkfæri

Í verkefninu er gjarnan horft til þess að hvaða marki verkefnisáætlun hvers byggðarlags rímar við aðrar áætlanir, meðal annars áætlanir stjórnvalda, svo sem samgönguáætlun, byggðaáætlun, sóknaráætlanir og fleira. Einnig mætti telja loftslagsáætlun, verndaráætlanir, rammaáætlun og svo mætti lengi telja. Þá hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja alþjóðlegum áætlunum og markmiðum svo sem heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Í mörgum tilvikum hafa til dæmis sóknaráætlanir/uppbyggingarsjóðir, ásamt sértækum pottum byggðaáætlunar nýst samhliða stuðningi í verkefninu Brothættum byggðum. Dæmi um slíkt eru stuðningur við smærri verslanir úr potti A.9. (Verslun í dreifbýli), einstakar framfaraaðgerðir sem hlotið hafa styrk úr C.1. (Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða) og öðrum pottum byggðaáætlunar. Fjöldmörg

verkefni hafa auk þess hlotið stuðning úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna og er það vel. Slíkur stuðningur getur gjarnan gefið verkefnum byr undir báða vængi.

Aflamark Byggðastofnunar er hluti svokallaðs 5,3% kerfis, sem einnig hefur verið kallað félagslegi hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins. Samningar um aflamarkið hafa nýst mörgum smærri sjávarbyggðum einkar vel og raunar orðið þess valdandi að þar er enn hægt að halda uppi veiðum og vinnslu. Í nokkrum tilvikum eru slíkir samningar hryggjarstykki í viðspyrnu gegn samdrætti og hnignun í brothættum byggðum. Dæmi um slíkt eru Raufarhöfn, Bakkafjörður, Breiðdalsvík, Hrísey, Grímsey, svo nokkur byggðarlög séu talin.

10.1 Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Verkefnið Brothættar byggðir leggur lóð á vogarskálar við að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin voru samþykkt árið 2015 og gilda til ársins 2030. Þeim er ætlað að vera leiðarvísir fyrir ríki til að takast á við stórar áskoranir á borð við hnattræna hlýnun, sárafátækt, ójöfnuð og tæknipróun þar sem hugað er að tækifærum fyrir alla og verndun jarðarinnar. Heimsmarkmiðin snúast um samþættingu efnahags, samfélags og umhverfis sem eru jafnframt þrjár stoðir sjálfbærni. Á vef stjórnarráðsins má sjá að aðgerð C.2 á byggðaáætlun, *Brothættar byggðir*, styður við markmið 8, 9 og 11, einkum undirmarkmiðin 8.3, 8.9, 9.4 og 11.a.

Við gerð verkefnisáætlunar í hverju þátttökubbyggðarlagi er leitast við að tengja meginmarkmið og starfsmarkmið sem þeim tilheyra við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Allt í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvaða málefni byggðarlaganna eru á áætlun á framkvæmdatímabilinu og tengsl þeirra við heimsmarkmiðin. Hver verkefnisáætlun tekur mið af þessu. Þau heimsmarkmið sem hafa haft tengsl við verkefnisáætlun einstakra byggðarlaga, samtals ellefu talsins, eru eftirfarandi:



11. Að lokum

Verkefnið Brothættar byggðir á vegum Byggðastofnunar hófst árið 2012 á Raufarhöfn. Samtals hafa 15 byggðarlög tekið þátt í verkefninu og starfað undir merkjum Brothættra byggða (m.v. haust 2025). Í þessari verkefnislýsingu er byggt á reynslunni af vegferð þátttökubyggðarlaganna allra sem spannar þátttöku á u.þ.b. þrettán ára tímabili. Jafnframt byggir verkefnislýsingin á upplýsingum um verkefnið „Regional omstilling“ og „Liv og Lyst“ í Noregi og fleirum sambærilegum byggðaþróunarverkefnum sem fulltrúar Brothættra byggða hjá Byggðastofnun hafa rýnt og lært af.

Uppfærsla þessarar verkefnislýsingar tekur einnig mið af tveimur úttektum sem gerðar hafa verið á verkefninu. Annars vegar úttekt sem EY, ráðgjafasvið, vann fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á árinu 2015, *Áhrifamat Brothættra byggða*. Hins vegar úttekt sem KPMG var falið af Byggðastofnun að vinna á árinu 2023, *Brothættar byggðir, áhrifamat*. Jafnframt hafa niðurstöður viðhorfakannana í verkefninu gefið tilefni til breytinga á verklagi og er því tekið mið af þeim í nýrri útgáfu verkefnislýsingar.



Mynd: Frá íbúáþingi á Stöðvarfirði

Heimildir:

- Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson (2024). *Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum*. Sótt 14.07.2025 af <https://www.bifrost.is/media/1/byggdarbragur-rannsokn-rbs-082024.pdf>
- EY Ráðgjafarsvið (2015). *Áhrifamat brothættra byggða, Lokaskýrsla mars 2015*. Reykjavík: PDF skjal frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti:
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (2015). Sótt 14.07.2025 af <https://www.heimsmarkmidin.is/>
- Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson (2012). *Skipulagsfærni – verkefni, vegvísar og viðmið*. JPV, Reykjavík
- Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson (2011). *Stefnumótunarfærni, Markmið, stefna og leiðir*. JPV, Reykjavík
- IPMA (2014). *ICB – Grunnviðmið IPMA um hæfni verkefnastjóra, útgáfa 3.02*, Verkefnastjórnunarfélag Íslands
- KPMG, ráðgjafasvið (2023). *Brothættar byggðir, Áhrifamat*. Sótt 14.07.2025 af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/kpmgahrifamat2023/brothaettar-byggdir.-ahrifamat.-radgjafasvid-kpmg-okt.-2023.pdf
- Liv og lyst. Sótt af vef Liv og lyst 14.07.2025 af <https://www.vestlandfylke.no/narings--og-samfunnsutvikling/distriktsutvikling/livoglyst-for-lokalsamfunnsutvikling/>
- Open Space World (e.d.). Sótt 16.07.2025 af <https://openspaceworld.org/wp2/>